

**Til:**

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga

Héraðsnefnd Rangæinga

Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga

Stjórn Skógasafns

Menningarmálanefnd, Sveitarfélagið Hornafjörður

Sveitarfélagið Vestmannaeyjar, bæjarráð

## Viljayfirlýsing vegna sameiningar fjögurra héraðsskjalasafna á Suðurlandi

Aðilar þessarar viljayfirlýsingar, forstöðumenn Héraðsskjalasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Austur-Skaftfellinga, Héraðsskjalasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga og Héraðsskjalasafnsins í Vestmannaeyjum, eru sammála um að vinna skipulega að sameiningu þessara héraðsskjalasafna enda sé slík sameining til hagsbóta fyrir viðkomandi sveitarfélög og héraðsskjalasöfnin.

Með lögum um opinber skjalasöfn nr.77/2014 var sjálfstæði héraðsskjalasafna tryggt með lögum, samhliða voru ríkar skyldur lagðar á héraðsskjalasöfn og sveitarfélög í tengslum við eftirlits- og ráðgjafahlutverk skjalasafnanna auk þess sem tekið var fram að opinber skjalasöfn skuli tryggja örugga varðveislu skjala óháð formi. Þá eiga opinber skjalasöfn að miðla upplýsingum og gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi svo sem á vef eða með öðrum hætti.

Kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnanna hverfist fyrst og fremst um móttöku skjala afhendingarskyldra aðila, skráningu þessara skjala og aðgengi að þeim auk eftirlits- og ráðgjafahlutverks sem áður er getið. Þá skulu héraðsskjalasöfnin leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum. Þessi tenging við staðarmenningu og þjóðmenningu landsins er órjúfanlegur hluti af menningarhlutverki héraðsskjalasafnanna.

Á undanförunum árum hafa héraðsskjalasöfnin í æ ríkara mæli en áður leitast við að finna sameiginlega lausnir á hluta af þeim fjölmörgu verkefnum sem rata á borð starfsmanna, hér er bæði horft til gerðar verkferla, vinnulags, staðla við vinnu o.s.frv. en betur má ef duga skal.

Í eftirlitsskýrslu sem Þjóðskjalasafn Íslands vann árið 2017 og kom út í árslok 2018 voru gerðar athugasemdir við nokkra þætti er tengjast kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnanna, sum safnanna fengu fáar athugasemdir en önnur fleiri. Ljóst er að úrbóta er þörf t.d. hvað varðar tilkynningar á rafrænum kerfum og gagnagrunnum til að skjalasöfnin geti enn betur þjónustað afhendingarskylda aðila á sveitarstjórnarstiginu og tryggt að héraðsskjalasöfnin og afhendingarskyldir aðilar á sveitarstjórnarstiginu uppfylli lagaskyldu.

Með sameiningu héraðsskjalasafna á Suðurlandi, þ.e. Héraðsskjalasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Austur-Skaftfellinga, Héraðsskjalasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga og Héraðsskjalasafnsins í Vestmannaeyjum skapast sóknarfæri til að takast enn betur á við lögbundin verkefni sem heyra undir skjalasöfnin og bæta þannig skjalavörslu á sveitarstjórnarstiginu. Stærri rekstrareining mun styrkja fagþekkingu á sviði skjalavörslu og skjalahalds þvert á sveitarfélagamörk. Meiri sérhæfing innan stærri og öflugri stofnunar getur bætt skilvirkni og verklag starfsmanna í stofnunum sveitarfélaga og hækkað þjónustustig sveitarfélaga gagnvart íbúum.

Til að tryggja farsæla lausn þarf að huga að öflugri miðstöð á einum stað, en tryggja um leið að þjónustustöðvar/vinnustöðvar verði til staðar þar sem notendur geti afhent skjöl, nálgast skjöl og fengið faglega og góða þjónustu. Vinnustöðvar tryggja á sama tíma tengsl almennings við skjalasöfnin/skjalasafnið og hlúa þannig að menningarhlutverki skjalasafnanna á hverjum stað.

Samlegðaráhrif af sameiningu skjalasafnanna eru fjölmörg s.s. aukin þekking og bætтар forsendur til að takast á við stærri og flóknari úrlausnarverkefni en nú er raunin á sumum safnanna, verkferlar verða skýrari en áður, tækifæri til aukinnar sérhæfingar starfsmanna aukast, aðstaða fyrir notendur og starfsmenn batnar, aðgengi að skjölum batnar og eykst ef notendur geta nálgast skjöl í gegnum vef utan hefðbundins opnunartíma og svo má lengi telja.

Forstöðumenn hafa fundað vegna þessa, og munu á næstu vikum og mánuðum skoða ýmsa þætti mögulegrar sameiningar, tímaáætlanir, verkaskiptingu o.fl. Rekstraraðilar eru hvattir til þess að hafa samband við forstöðumenn telji þeir ástæðu til og skal þá yfirlýsingin tekin til endurskoðunar.

Selfossi 11. mars 2019

*F.h. Héraðsskjalasafns Árnesinga*

Þorsteinn Tryggvi Mátsson héraðsskjalavörður

*F.h. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftfellssýslu*

Halldóra Jónsdóttir héraðsskjalavörður

*F.h. Héraðsskjalasafnsins í Vestmannaeyjum*

Jóna Björg Guðmundsdóttir héraðsskjalavörður

*F.h. Héraðsskjalasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga*

Einar G. Magnússon héraðsskjalavörður